



Ársskýrsla

Sorpstöðvar Suðurlands

fyrir starfsárið 2002 - 2003

Störf stjórnar

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 23. ágúst 2002. Í stjórn sátu:

Aðalmenn; Einar Njálsson, formaður, Ágúst Ingi Ólafsson og Ólafur Áki Ragnarsson.
Varamenn; Ingunn Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Skoðunarmenn; Bjarki Reynisson og Ragnar Sær Ragnarsson.

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 8 formlega fundi auk annarra funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem hafa verið á döfinni. Hér verður gerð grein fyrir þeim málum sem hafa verið á döfinni hjá stjórninni auk hefðbundinna verkefna í tengslum við rekstur fyrirtækisins.

Útvíkkun á starfsemi fyrirtækisins. Á aðalfundi SASS, sem haldinn var sl. haust á Selfossi var eftirfarandi samþykkt gerð um tengsl SASS og Sorpstöðvarinnar:

„Aðalfundur SASS haldinn á Hótel Selfossi 30.-31. ágúst 2002 tekur undir það álit að skoða þurfi vandlega samvinnu SASS og Sorpstöðvar Suðurlands um framkvæmdastjóra og skilgreiningu á hlutverki hans í hvorri starfsemi fyrir sig. Þessi skoðun verði unnin í samvinnu við stjórn Sorpstöðvarinnar.“

Á aukafundi SASS sem haldinn var 27. nóvember 2001, var lögð fram álitserð sérstakrar endurskoðunarnefndar á hlutverki SASS sem var síðan samþykkt sem niðurstaða fundarins. Í henni segir m.a.:

„Nefndin telur rétt að stefna beri að breytingu á því fyrirkomulagi sem verið hefur varðandi sameiginlegan framkvæmdastjóra fyrir SASS og Sorpstöð Suðurlands fyrir árslok 2003. Nefndin bendir á, að Sorpstöð Suðurlands geti haft vaxandi hlutverki að gegna á sviði umhverfismála af margvíslegu tagi. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi til að auka enn frekar umsvif Sorpstöðvarinnar og líta til aukinna verkefna með tilliti til samstarfs við aðra aðila sem starfa á sviði umhverfismála. Hugsanlegar breytingar gætu t.a.m. falist í samruna Sorpstöðvarinnar og annarra sorpsamlaga á Suðurlandi.“

Það er niðurstaða nefndarinnar að þessi tími til loka árs 2003 ætti að vera nægjanlegur fyrir Sorpstöðina að kanna þá möguleika sem fyrir hendi eru með það að markmiði að efla og auka starfsemina. Sveitarfélög á Suðurlandi ásamt stjórn SASS geta einnig nýtt þennan tíma til að ákveða með hvaða hætti skuli nýta hið aukna starfshlutfall framkvæmdastjóra samtakanna. Ljóst er að þessi breyting mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir SASS. Afar mikilvægt er að Sorpstöðin fái nægan tíma til að aðlagja sig nýjum forsendum og afla aukinna verkefna. Einnig er mikilvægt fyrir stjórn SASS að fá nægan tíma til að undirbúa þessa breytingu með tilliti til starfsmannahalds og aukinnar þjónustu við aðildarsveitarfélög.“

Á stjórnarfundi 25. nóvember samþykkti stjórn Sorpstöðvarinnar eftirfarandi ályktun um málið:

“ Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands samþykkir að kanna möguleika á samruna eða auknu samstarfi við fyrirtæki sem starfa á sviði flokkunar, söfnunar og förgunar úrgangs. Einnig verði kannaður grundvöllur þess að taka fleiri verkefni að sér fyrir sveitarfélögin, svo sem rekstur gámasvæða og útboð sorphirðu. Fyrst verði leitað til hliðstæðra fyrirtækja á Suðurlandi og Suðurnesjum.“

Markmið með slíkri stækkun fyrirtækisins er að auka færni þess til þess að takast á við sífellt auknar kröfur sem gerðar eru í umhverfismálum. Einnig að auka hagræðingu og bæta þjónustu. Stærra og öflugra fyrirtæki getur haft yfir meiri sérþekkingu að ráða til að sinna þróunarstarfi”

Stjórn Sorpstöðvarinnar tók þessi mál síðan aftur á dagskrá í byrjun þessa árs og réð Fannar Jónasson viðskiptafræðing til að gera úttekt á möguleikum þess að útvíkka starfsemi Sorpstöðvarinnar í samræmi við ofangreindar ályktanir. Til að kanna hug sveitarfélaganna hafa verið haldnir nokkrir fundir með forráðamönnum þeirra og hefur afstaða þeirra verið jákvæð til stækkunar fyrirtækisins. Enn liggja ekki fyrir mótaðar hugmyndir um skipulag og verkfni nýs fyrirtækis. Sérstaklega verður gerð grein fyrir málinu hér á aðalfundinum.

Deiliskipulag urðunarsvæðisins. Á síðasta kjörtímabili var unnið að tillögum um endanlegt útlit urðunarsvæðisins. Sú vinna strandaði vegna deilna við Sveitarfélagið Ölfus um deiliskipulag svæðisins. Stjórn Sorpstöðvarinnar hefur lagt mikla áherslu á að finna lausn á þeim deilum og hafa tillögurnar verið til endurskoðunar í því skyni. Vonast er til að með þeirri vinnu leysist sá ágreiningur sem uppi hefur verið því mikilvægt er að sem mest sátt ríki um alla starfsemi fyrirtækisins.

Styrkir. Á starfsárinu hafa tvö verkefni verið styrkt sérstaklega. Annars vegar var ákveðið að styrkja Rannsóknar- og vísindasjóð Fræðslunets Suðurlands árlega um kr. 100.000 næstu 5 árin og hins vegar voru Sólheimar í Grímsnesi styrktir um kr. 100.000 til kaupa á jarðgerðarvél.

Plastmótun ehf. Sorpstöðinni hefur borist beiðni frá fyrirtækinu Plastmótun ehf. í Ölfusi þar sem óskað er eftir því að Sorpstöðin kaupi 10 m.kr. hlut í fyrirtækinu. Engin afstaða hefur verið tekin til þeirra beiðni en óskað hefur verið eftir nánari upplýsingum um rekstur fyrirtækisins.

Tillaga að nýjum samþykktum. Fyrir aðalfundinum liggur tillaga stjórnar að nýjum samþykktum. Kveðið er skýrar á um starfsemi fyrirtækisins en í eldri samþykktum og meðal nýmæla er ákvæði sem heimilar fyrirtækinu að kaupa hlutafé í öðrum fyrirtækjum, enda samræmist það markmiðum og hlutverki Sorpstöðvarinnar.

Óútkljáð kærumál. Ábúendur í Auðsholtshjáleigu sendu Umhverfissráðuneyti 24. júlí 2001 erindi þar sem þess er óskað að unnið verði að því að Sorpstöð Suðurlands verði lokað og hindrað að frekari náttúruspjöll verði unnin við Ölfusána. Umhverfissráðuneyti sendi málið síðan áfram til úrskurðarnefndar umhverfismála í nóvember sama ár til úrskurðar. Nefndinni voru um hæl gefnar allar upplýsingar og umkvörtunaratriðum svarað lið fyrir lið og jafnframt var farið fram á að málinu verði vísað frá, að öðrum kosti verði erindinu og þeim umkvörtunaratriðum sem þar koma fram hafnað. Úrskurður hefur enn ekki borist frá nefndinni og má það heita ótrúlegur seinagangur.

Eins og áður er getið er verið að vinna að lausn deilna um deiliskipulag urðunarsvæðisins, en fyrir liggur kára Sorpstöðvarinnar til úrskurðanefndar skipulags- og byggingarmála vegna þeirra ákvörðunar Sveitarfélagsins Ölfuss að beita fyrirtækið dagsektum vegna brota á deiliskipulagi. Vonast er til að lausn fáið með samkomulagi þannig að hægt verði að draga kærana til baka.

Hollustuvernd ríkisins gaf út nýtt starfsleyfi 12. desember sl. til næstu 8 ára. Ábúendur Auðsholtshjáleigu kærðu starfsleyfið til Umhverfissráðuneytisins og hefur ráðuneytið ekki enn úrskurðað í kærumálinu. Skýringin sem gefin er sú að miklar annir séu í ráðuneytinu vegna annarra kærumála. Mjög bagalegt er fyrir starfsemi fyrirtækisins að reka hana á bráðabirgðaleyfi.

Kjötmjölsverksmiðja. Sorpstöð Suðurlands er stærsti hluthafi í Kjötmjöli ehf. Rekstur fyrirtækisins hefur verið erfiður en þó mun betri á síðasta ári en árið á undan. Gerðar voru margvíslegar ráðstafanir til að skjóta betri stoðum undir fyrirtækið og báru þær ráðstafanir verulegan árangur. Erfiðleikum fyrirtækisins er þó ekki lokið og er verið að leita liðsinnis ríkisvaldsins til að bæta þar úr. Sorpstöðin sá um rekstur fyrirtækisins allt til síðustu áramóta, en þá tók Torfi Áskelsson við framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Eftir sem áður eru þó nán tengsl við fyrirtækið og hefur umhverfisfræðingur Sorpstöðvarinnar unnið að ýmsum verkefnum fyrir Kjötmjöl ehf. Mikilvægt er að styðja vel við bakið á fyrirtækinu því ekki leikur vafi á gagnsemi þess fyrir umhverfismál á Suðurlandi.

Starfsmenn

Fastir starfsmenn fyrirtækisins í fullu starfi eru þrír. Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og verið hefur. Með honum starfar Kristinn Sigtryggsson vélamaður. Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur vinnur að ráðgjafar- og þróunarstörfum fyrir Sorpstöðina, aðildarsveitarfélög hennar og fyrirtæki á svæði stöðvarinnar. Einng starfar afleysingamaður á urðunarsvæðinu á sumrin. Framkvæmdastjóri SASS fer jafnframt með framkvæmdastjórn fyrirtækisins og aðrir starfsmenn samtakanna sinna síðan öðrum störfum fyrir stöðina.

Eignaraðilar

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru nú samtals 11. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 3 sveitarfélög þannig að í raun eru 13 sveitarfélög á Suðurlandi sem standa að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu, sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins:

Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands 2003

Eignaraðilar	Íbúafjöldi 1.des.2002	Eignarhlutfall	Eignarhlutur
Árborg	6.161	38,44	44.154.507
Bláskógabyggð	887	5,53	6.356.930
Gaulverjabæjarhr.	131	0,82	938.848
Grímsnes- Grafningshreppur	358	2,23	2.565.706

Hraungerðishreppur	199	1,24	1.426.188
Hrunamannahreppur	747	4,66	5.353.582
Hveragerði	1.886	11,77	13.516.540
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	508	3,17	3.640.722
Sorpstöð Rangárvallasýslu	3.237	20,20	23.198.854
Villingaholtshreppur	183	1,14	1.311.520
Ölfus	1.729	10,79	12.391.356
Alls	16.026	100	
Eigið fé samtals			114.854.753

Afkoma

Afkoma fyrirtækisins var góð á síðasta ári. Rekstrarafgangur eftir afskriftir og fjármagnsgjöld varð tæplega 7 milljónir króna, en hafði verið áætlaður 5,8 milljónir króna. Eiginfjárstaða fyrirtækisins er sterk og er eigið fé fyrirtækisins nú tæplega 115 milljónir króna og hækkar um 6,4 % á milli ára. Handbært fé í árslok er um 10,6 milljónir króna og hækkar um 3 milljónir króna á milli ára. Staða fyrirtækisins er því traust, engar meiri háttar fjárfestingar eru á döfinni næsta árið og fyrirtækið mun því geta fjarmagnað næstu urðunarrein af eigin fé. Ekkert er þá heldur því til fyrirstöðu að leggja fé í lokafrágang svæðisins þegar samþykktar tillögur liggja fyrir. Mjög mikilvægt er að fjárhagsstaða fyrirtækisins sé traust, bæði til að standa með hagkvæmum hætti að kostnaðarsömum framkvæmdum og einnig til að geta brugðist við sívaxandi kröfum sem m.a. birtast í tilskipunum Evrópusambandsins sem nú hafa verið lókteknar m.a. um rekstur urðunarsvæða.

Gjaldskrá

Gjaldskrá hækkaði um síðustu áramót um 5,0 % í samræmi við verðlagsþróun samkvæmt ákvörðun stjórnar og heimild aðalfundar.

Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða endanlega um gjaldskrá og leggur stjórn til að hann staðfesti gjaldskrána eins og hún er nú með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til. Gjaldskráin er eftirfarandi:

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum:	kr. 3.05 pr/kg.
Gjald fyrir sláturúrgang:	kr. 5.95 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp:	kr. 5.75 pr/kg.
Gjald fyrir seyru:	kr. 1.20 pr/kg.
Afgreiðslugjald pr. losun:	kr. 945.00
Gjald fyrir trjáklara:	kr. 2.645 pr/klst.

Allar tölur eru án virðisaukaskatts.


Starfsemin á urðunarsvæðinu

Starfsemin í Kirkjuferjuháleigu hefur á síðasta starfsári verið með venjubundnum hætti. Í Kirkjuferjuháleigu er ekki almenn móttaka á sorpi, einungis er tekið á móti úrgangi frá sorphirðum og fyrirtækjum að undanskildum bændum í næsta nágrenni þar sem ekki er nálægur gámafullur í sveitarfélaginu.



Á árinu 2002 nam innvegið magn sorps samtals 16.184 tonnum sem er 42 % minnkun frá árinu 2001. Í viðauka 1 er að finna sundurliðun á þeim úrgangstraumum sem berast til urðunar í Kirkjuferjuháleigu. Sveitarfélögin á Suðurlandi skila samtals 12.605 tonnum til urðunar sem er 1 % aukning frá fyrra ári, en það er samt ekki heildartala úrgangs frá sveitarfélögum í Árnes- og Rangárvallasýslum þar sem töluvert er urðað hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu. Sláturhúsin skiluðu 2.045 tonnum sem er 46 % minnkun milli ára. Ástæða þessarar minnkunar er helst sú að Kjötmjöl hefur verið að auka móttöku töluvert milli ára.

Aðrir, sem eru einstök fyrirtæki á svæðinu komu með 1.211 tonn sem er 24 % minnkun. Tróð er notað sem þekjuefni á urðunarsvæðinu. Flutt voru 4.033 tonn af tróði frá Furu hf. á árinu í þessu skyni.



Flokkunarverkefni á vegum sveitarfélaga og fyrirtækja

Brotajárn




Árið 2002 var metár í söfnun á brotajárni á Suðurlandi.

Í Árnes- og Rangárvallasýslu söfnuðust á árinu 3.363 tonn af brotajárni sem er aðeins meira en safnaðist árið 2000. Söfnun brotajárns hefur stig aukist frá því skipulögð söfnun hófst árið 1997. Nú er svo komið að gámar fyrir brotajárn eru staðsettir á 22 stöðum vítt og breitt um svæðið. Brotajárnið samanstendur af bílum, vélum, landbúnaðartækjum, girðingum, bárujárn, varahlutum og járnhlutum ýmis konar. Það er mikilvægt til að draga úr kostnaði við þessa vinnslu, að sem minnst af öðrum efnum fylgi með járninu.

Endurvinnsla á járn.

Fura hf. í Hafnarfirði hefur tekið við brotajárninu af Suðurlandi. Hjá Furu er járníð fyrst grófflokkað, stórir járnhlutir teknir til hliðar en bílar og annað blandað efni er sett í tætara þar sem önnur efni en járn eru skilin frá. Það tekur örskotstund að breyta jeppa í litla járnhrúgu. Önnur efni s.s. gúmmí, plast og svampur sem skilst frá eftir tætingu eru notuð sem þekjuefni við urðun hjá Sorpstöð Suðurlands og öðrum urðunarstöðum.



Skilagjald á bíla

1. janúar 2003. hófu bíleigendur að greiða úrvinnslugjald vegna ökutækja í þeirra eigu. 1.júli nk. hefst útborgun á skilagjaldi, kr 10.000, vegna ökutækja sem skilað er til endurvinnslu. Úrvinnslusjóður er þessa daganna að skipuleggja hvernig verður að móttökunni staðið.

Sláturúrgangur



Nýting á sláturúrgangi hófst hjá Kjötmjöli ehf. á haustdögum árið 2000. Tekið hefur verið við sláturúrgangi frá sláturhúsum og kjötvinnslum á höfuðborgarsvæðinu og Vestur- og Suðurlandi. Reksturinn árið 2002 gekk nokkuð vel sé lítið til bilana og hráefna, en lítið var um stopp vegna bilana og tæp 5.000 tonn voru tekin til vinnslu, sem er í samræmi við upphaflegar áætlanir. Vegna gruns um riðu í Hrunamannahrepp árið 2001 fer stór hluti af sláturúrgangi frá haustslátrun uppruninn í Árneshólfi til urðunar á Kirkjuferjuháleigu.

Skilagjaldsambúðir



Sem fyrr stóðu landsmenn sig vel í aðgreiningu á dósnum og flöskum frá almennu heimilissorpi. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um skil á Suðurlandi, en gengið er út frá landsmeðaltali sem er um 14 kg á mann, samtals gerir þetta á svæðinu 216 tonn.

Pappír og fernur



Sunnlendingar héldu áfram að flokka pappír og fernur til endurvinnslu eins og þeir hafa gert síðan 1996. Það var

merkilegast á árinu að 1.000 tonna múrin var brotinn. En frá upphafi hafa safnast yfir 1.000 tonn af pappír á Suðurlandi.

Árið 2002 söfnuðust 165 tonn af pappír og 22,5 tonn af fernum. Þetta er lakari árangur en síðustu 2 ár hvað pappírinn varðar en fernusöfnunin stendur í stað. Það er einnig nokkuð misjafnt hver árangur einstakra sveitarfélaga er. Að meðaltali flokkaði hver Sunnlendingur 10 kg af pappír í fyrra.

Íbúar Árborgar voru þar öflugastir flokkuðu að meðaltali tæp 15 kg af pappír. Íbúar Grímsnes og Grafningshrepps með hjálp sumarbústaðagesta voru duglegastir við að koma fernunum í réttan farveg en þar söfnuðust 3 kg að meðaltali. Sjá meðfylgjandi stöplarit.

Til samanburðar þá voru íbúar höfuðborgarsvæðisins mun duglegri, en hver íbúi höfuðborgarsvæðisins var að skila tæplega 18 kg af pappír til endurvinnslu í fyrra. En Sunnlendingar stóðu sig betur í fernuflokkun. Til fróðleiks er rétt að það komi fram að pappírinn og fernurnar eru sendar til Svíþjóðar í endurvinnslu. Fyrirtæki, stofnanir þá sérstaklega skólar eru í auknu mæli að taka þátt í þessu ferli. Sorpstöð Suðurlands útvegar kassa til flokkunar dagblaða innandyrna t.d. við skrifborð án endurgjalds. Unnið er að undirbúningi nýrra flokkunaráhalda, til stendur að koma í umferð pappírspokum sem hægt er að skila með pappírnum.

Nánari sundurliðun á árangri sveitarfélaganna er að finna í viðauka 2.

Spilliefni



Spilliefni er samheiti á ýmsum efnum sem hafa það sameiginlegt að hafa óæskileg áhrif á umhverfið. Spilliefnagjald er lagt á þessi efni í þeim tilgangi að tryggja að þeim sé skilað til réttrar meðhöndlunar að notkun lokinni. Spilliefnalistinn tekur sífelldum breytingum, nú er úrgangsolía talin með í heildartölu fyrir spilliefni. Úrgangsolían er að meðaltali 78 % allra spilliefna, taka verður tillit til þessa við samanburð milli ára.

Söfnun á leikföngum.

Í nóvember hófst söfnun á leikföngum á gámasvæði Árborgar. Markmiðið var að athuga áhuga almennings á þessum farvegi en leikföngin voru flokkuð og síðan ráðstafað af RKÍ.

Föt og klæði

Í samvinnu við suðurlandsdeild rauðakrossins hefur verið boðið upp á móttöku á fötum og klæði á gámsvæði Árborgar. Þessi möguleiki hefur mælst vel fyrir en á milli 20 og 30 tonn safnast árlega af fötum.

Söfnun á plasti til endurvinnslu.

Í lok ársins 2001 réðust Sorpstöð Suðurlands, Plastmótun, Árborg, Hveragerðisbær, MBF og Sorphirðan ehf. í 6 mánaða tilraunaverkefni. Verkefnið gekk út á að athuga hver skil á plastefnum frá almenningi og fyrirtækjum er. Gæði flokkunar og magn átti að meta og mæla, jafnframt því að kortleggja helstu vandamál. Að lokum verða niðurstöður teknar saman og metið hvort og hvernig söfnunin verði haldið áfram. Það var niðurstaðan að halda ekki áfram að óbreyttu. Ekki safnaðist mikið í gámana. Það plast sem safnaðist var gjarnan blandað, þ.e. í plastlátum voru einhverjar leifar, járnhöldur osfrv. MBF flokkar þó áfram og skilar til endurvinnslu hjá Plastmótum hreinum brúsum og öðru nýtanlegu plasti.

Ýmis verkefni

Samanburður á kostnaði sveitarfélaga við sorphirðu, eyðingu og endurvinnslu.

Sorpstöð Suðurlands hefur staðið fyrir samantekt á kostnaði sveitarfélaganna vegna sorphirðu og endurvinnslu. Fjölbreytileiki sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslum er mikill sem setur samanburði ákveðnar takmarkanir. Jafnframt er mismunandi hvernig einstök sveitarfélög bókfæra sorphirðu- og tengdan kostnað. Athygli vekur að sveitarfélögin eru aðeins að innheimta rétt rúmlega helming þess kostnaðar með álagningu sorphirðugjalda.

Flokkunarmerki.

Fenúr hefur gefið út samræmd flokkunarmerki. Merkin eru myndrænar flokkunarleiðbeiningar sem eiga að auðvelda rétta flokkun og bæta ásýnd flokkunarstöðva. Fenúr selur merkin sem límmiða í stærðinni A5 og A3 en einnig er hægt að fá afnotarétt til annarskonar notkunar. Merkin má nálgast á www.fenur.is



Upplýsingamál

Reynt hefur verið eftir mætti að reka áróður fyrir bættu umhverfi og tilhögun sorphirðu, förgunar og flokkunar. Á heimasíðu Sorpstöðvarinnar er jafnan birt það helsta sem um er að vera í heimi endurvinnslu og úrgangsmeðhöndlunar. Jafnframt eru þar birtar fundargerðir og aðrar fréttir sem viðkoma rekstri stöðvarinnar. Slóðin er www.sudurland.is/sorpstod. Á síðasta ári var upplýsingabæklingurinn sem kom fyrst út 1998 endurútgefinn og endurbættur og hefur hann fengið góðar undirtektir. Þá hefur Sorpstöðin auglýst reglulega í héraðsblöðum og víða til að koma upplýsingum á framfæri. Stefnt er að því að endurútgefa bæklinginn vorið 2003.

Ný lög og reglugerðir

Lög um úrvinnslugjald. Voru samþykkt í desember 2002. Þessi lög kveða á um stofnun úrvinnslusjóðs og álagningu úrvinnslugjalds á valdar úrgangstegundir. Um er að ræða vinnslugjald til að standa straum að söfnun, flutningi og vinnslu á umræddum efnum, nema hvað greitt verður skilagjald fyrir bíla. Á þessu ári nær gjaldið til spilliefna, drykkjarfarna, hjólbarða og bíla. Frá 1 jan 2004 má vænta að gjaldið nái til fleiri tegunda s.s veiðarfæra og rúllubaggaplasts.

Lög um meðhöndlun úrgangs voru samþykkt á Alþingi 10. mars 2003. Markmið laga þessara er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra. Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

Reglugerðir. Þess er að vænta að nokkrar reglugerðir líti dagsins ljós í framhaldi af þessari lagasetningu.

Fenúr.

Sorpstöð Suðurlands tekur virkan þátt í starfsemi Fenúr (Fagraði um endurnýtingu og úrgang.). Fenúr eru félagasamtök sem hafa það að markmiði að standa fyrir faglegri

umræðu um sorphirðu og endurvinnslu. Hlutverk þess félags er miðlun trausta upplýsinga jafnframt því að eiga í alþjóðlegri samvinnu. Þannig má forðast mistök og ósamræmdar aðgerðir.

Tölfræði.

Sorpstöðin hefur beitt sér fyrir söfnun helstu upplýsinga er varða málaflokkinn. Í viðauka 1 er að finna dæmi um tölulegar upplýsingar sem haldið er utanum. Tölfræðilegar upplýsingar eru mikilvægar við forgangsroðun verkefna og allrar ákvörðunartöku.

Viðauki 1

Úrgangur á svæði Sorpstövar Suðurlands						
	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Kirkjufjerjuhl						
<i>Sveitafélög</i>	10.189.318	9.951.775	11.717.312	13.447.080	12.468.417	12.605.000
<i>Sláturhús</i>	2.170.376	2.454.140	2.813.344	2.517.050	3.685.350	2.045.000
<i>Gámafyrirtæki.</i>						323.000
<i>Aðrir</i>	1.103.330	1.006.680	897.911	1.213.488	1.597.550	1.211.000
Sorpst. Rang. Strönd	<i>Ekki fyrirbyggjandi tölur um urðuð tonn á Strönd</i>					
Samtals, urðun.	13.463.024	13.412.595	15.428.567	17.177.618	17.751.317	16.184.000
Sláturúrgangur				1.198.700	2.800.000	2.531
Brotajárn	1.722.820	2.307.490	2.708.000	3.346.000	2.800.000	3.363
Pappír	130.150	149.140	187.000	224.000	184.000	165
Fernur	33.220	38.050	41.000	25.000	21.000	23
Skilagjalsumb	206.000	206.000	210.000	216.000	216.000	371
Spilliefni		43.846	57.300	229.109	233.000	250
Föt			24.000	36.000	39.000	40
Plast					20.000	12
Timbur					20.000	50
Veiðarfæri						28
Bylgjupappi					20.000	20
Samt. endurv.	2.092.190	2.744.526	3.227.300	5.274.809	6.353.000	6.853
Samt. Urðun + endurv	15.555.214	16.157.121	18.655.867	22.452.427	24.104.317	16.190.853
<i>Hlutfall endurvinnslu</i>	13	17	17	23	26	42

Ekki lokatala

Ekki lokatala

Viðauki 2

